

Úrskurður nr. 9/2002

- Endurákvörðun
- Flutningsskírteini

Kærð er ákvörðun tollstjóra að endurávarða gjöld þar sem innflytjandi framvísaði ekki EUR 1 flutningsskírteini innan þess frests sem tollstjóri veitti honum. Kærandi gerir kröfu um að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Ríkistollanefnd fellst á kröfur kæranda í málinu.

Lög: 19. gr., 99. gr. 100. og 101 gr. tollalaga nr. 55/1987. 24. gr. bókanar 4 við EES samninginn. Reglugerð um SMT tollafgreiðslu nr. 858/2000.

Með bréfi, dags. 1. október 2002, sem barst ríkistollanefnd 2. október s.á. kærir M. fyrrum rekstraraðili verslunarinnar M., þá ákvörðun tollstjóra að hafna EUR meðferð vegna innflutnings á sendingu E-DET-24-09-1-NL-RTM-R005. Tollstjóri endurávarðaði gjöld þar sem innflytjandi framvísaði ekki EUR 1 skírteini innan þess frests sem tollstjóri gaf honum. Var fyrirtækinu gert að greiða kr. 220.638.- ásamt dráttarvöxtum vegna ofangreindrar sendingar. Kærandi gerir kröfu um að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Í kærinni kemur m.a. fram að kærandi hafi stundað verslunarstörf um árabíl og ávallt leitað til fyrirtækja sem sérhæfa sig í aðflutningsskýrslugerð um þjónustu. Þá segir að þann 24. júní s.l. er kæranda barst bréf frá tollstjóra þar sem hann er beðinn að framvísa gögnum m.a. EUR skírteini yfir vöru sem kom með sendingu E-DET-24-09-1-NL-RTM-R005. Kærandi segist hafa leitað strax til Eimskip TVG-Zimsen en það fyrirtæki sá um aðflutningsskjalagerð fyrir kæranda og öll innflutningsskjöl hennar liggja hjá fyrirtækinu. Kærandi segist hafa haft samband við ákveðinn starfsmann fyrirtækisins og afhent honum bréf tollstjóra og starfsmaðurinn hafi tjáð sér að hann skyldi senda umbeðin gögn til embættisins. Þegar kæranda barst síðan endurákvörðun tollstjóra hafi hún komið af fjöllum og haft strax samband við flutningsmiðlarann og þá hafi komið í ljós að starfsmaður sá sem hafi ætlað að koma umbeðnum gögnum til tollstjóra hafi gleymt því og síðan farið í frí.

Að lokum kemur fram hjá kæranda að hann hafi leitað til TVG Zimsen um aðstoð og hafi þeir útbúið drög að kærnu til ríkistollanefndar fyrir sig. Í þessum drögum segir m.a. að umbeðin gögn tollstjóra hafi verið í vörslu tollskjalþjónustu TVG Zimsen frá því að sendingin var afgreidd með EDU-færslu þann 25. 09 01.

Tollstjóranum í Reykjavík var send kæran til umsagnar með bréfi þann 7. október 2002. Í svari sem barst nefndinni þann 23. s.m. segir m.a. að tollstjóra finnist krafa kæranda vera óljós en með kærinni fylgi m.a. afrit af EUR. 1-flutningsskírteini. Það sé skilningur embættisins að einungis sé verið að kæra hluta af úrskurði frá 2. september 2002 um endurákvörðun aðflutningsgjalda, þ.e. vegna sendingar nr. E DET 24 09 1 NL RTM R005. Tollstjóri segir að kæranda hafi verið sent bréf, dags. 24. júní s.l., þar sem fram komi að fyrirhugað væri að endurávarða aðflutningsgjöld á fyrirtækið vegna nánar tiltekinna vörusendinga, samtals 9 sendinga. Fyrirhugað var að endurávarða gjöld m.a. vegna þess að reikningur var ekki réttur, flutningsgjald ranglega

tilgreint, röng tollflokkun, annar kostnaður ranglega tilgreindur á aðflutningssskýrslu, viðskipta- og upprunaland á aðflutningssskýrslum ranglega tilgreint og að EUR skírteini vantaði. Var fyrirtækinu veittur frestur í 15 daga til að koma sínum sjónarmiðum að og framvísa gögnum. Bárust embættinu engin gögn eða andmæli frá fyrirtækinu vegna fyrirhugaðrar endurákvörðunar aðflutningsgjalda.

Með bréfi, dags 2. september s.l., sendi embættið fyrirtækinu úrskurð um endurákvörðun aðflutningsgjalda, þ.á. m. vegna sendingar nr. E DET 24 09 1 NL RTM R005. Kom fram í bréfinu að þar sem engin gögn eða andmæli hefðu borist bæri að endurákvarða aðflutningsgjöld þegar af þeirri ástæðu að EUR skírteini var ekki framvísað að beiðni tollyfirvalda. Voru aðflutningsgjöld endurákvörðuð á fyrirtækið á grundvelli 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Var fyrirtækinu gert að greiða kr. 220.638.- ásamt dráttarvöxtum vegna ofangreindrar sendingar.

Þá segir að tollstjóri hafi veitt innflytjanda frest frá 24. júní 2002 til 1. september 2002, alls 68 daga til að leggja fram frumrit af EUR.1-flutningsskírteini. Var frestur hafður þetta langur í ljósi þess að hugsanlega gætu sumarfrí starfsmanna gert fyrirtækinu erfiðara um vik að framvísa gögnum. Þessum gögnum hafi ekki enn verið skilað til embættisins. Það sé innflytjandi sem skal afhenda tollyfirvöldum skjöl og önnur gögn sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum sem tilgreind séu í aðflutningssskýrslu. Það fríar hann ekki ábyrgð að skýrslugerð hafi verið í höndum annars aðila og að sá aðili hafi ætlað að koma EUR. 1-flutningsskírteini til embættisins. Um sé að ræða ívilnandi tollmeðferð og nauðsynlegt að farið sé að settum reglum. Því er það álit embættisins að þar sem ekki var framvísað fullnægjandi gögnum þegar um þau var beðið þá beri innflytjanda að greiða full aðflutningsgjöld.

Í greinargerðinni kemur fram að embættið hafi látið kanna innflutning kæranda síðastliðið hálf t. árið fyrir þann innflutning sem hér um ræðir með tilliti til afgreiðslu sambærilegra tollskýrslna. Í ljós hafi komið að innflytjandi hafði ýmist tollafgreitt vörur í sömu tollskrárnúmerum með fríðindameðferð eða án. Það sé því ljóst að ekki verði dregin sú ályktun af fyrri meðferð að í þessu tilviki hafi verið um augljós mistök að ræða og veita ætti undanþágu frá meginreglunni á grundvelli þess. Að mati embættisins bendir ekkert í málinu til þess að um sérstakar ástæður sé að ræða vegna augljósra mistaka við framlagningu frumrits EUR skírteinis í þessu tiltekna tilviki.

Embættið getur ekki fallist á að mistök sem verða hjá innflytjanda eða flutningsmiðlara, í þessu tilviki Eimskipafélaginu/TVG- Zimsen, við tollafgreiðslu umræddrar sendingar eigi að leiða til þess að slakað verði á lögbundnum kröfum sem gerðar eru til skila á gögnum sem framvísa ber við tollafgreiðslu. Engin áþreifanleg sönnun liggur fyrir um það að umrætt EUR-skírteini hafi legið fyrir hjá tollskjalapjónustu Eimskipa/TVG- Zimsen frá tollafgreiðslu sendingarinnar auk þess sem ljóst er að umrætt skírteini var ekki lagt fram hjá embættinu þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um, jafnt frá embætti tollstjóra sem og frá innflytjanda að hans sögn. Tollstjóri getur þess að embættinu hafi ekki enn borist frumrit umrædds EUR-skírteinis. Þegar af þeirri

ástæðu verður ekki tekin efnisleg afstaða til þess hvort umrætt skírteini sé fullnægjandi að mati embættisins.

Þá segir að í 24. gr. bókunar 4 við EES samninginn komi fram m.a. að leggja skuli fram EUR. 1-flutningsskírteini og yfirlýsingu á vörureikningi hjá tollyfirvöldum í innflutningslandinu í samræmi við þær reglur sem gilda í því landi. Meginregla tollyfirvalda hér á landi sé sú að innflytjendum beri að hafa upprunasannanir í bókhaldi sínu þegar þeir óska eftir fríðindameðferð og að lagt sé fram frumrit af EUR. 1- flutningsskírteini þegar þess er krafist. Það var ekki gert í þessu tilfelli og þar af leiðandi engin sönnun færð fyrir því að vara ætti að njóta fríðindameðferðar og undanþágu tolla.

Þá kemur fram í 19. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, að innflytjandi vöru eða sendingar skuli afhenda tollyfirvaldi farmbréf eða undirfarmbréf, reikning yfir umbúðakostnað, pökkunarlista, efnagreiningu og önnur skjöl og gögn sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum sem tilgreind eru í aðflutningsskýrslu og vörureikningi. Í 2. mgr. sömu greinar segir að framkvæmd friverslunar- og milliríkjasamninga um lækkun eða niðurfellingu tolla á vörum upprunnum í ákveðnum löndum megi binda því skilyrði að innflytjandi leggi fram nauðsynlegar upplýsingar og sannanir fyrir uppruna varanna.

Tollstjóri hafnar því alfarið beiðni innflytjanda til fríðindameðferðar eins og máli þessu er háttað. Með vísan til ofanritaðs er þess krafist að hinn kærði úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 2. september 2002, verði staðfestur.

Kröfugerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi þann 23. október 2002. Í svari sem barst nefndinni þann 12. nóvember ítrekar kærandi fyrir kröfur.

Ríkistollanefnd skrifaði TVG Zimsen bréf og óskaði eftir því að fyrirtækið upplýsti nefndina um hvort frumrit af EUR 1 skírteini nr. BA 1657628 væri í þeirra vörslu og hvort umrætt skírteini hafi verið í vörslu þess er innflutningurinn átti sér stað og hvernig fyrirtækið stæði að málum er tollyfirvöld óskuðu eftir gögnum í þeirra vörslu.

Í svari sem barst frá fyrirtækinu segir að þegar félagið tekur að sér tollafgreiðslu innflutningsvara fyrir viðskiptavinum sína, þá verði viðskiptavinurinn að leggja fram öll gögn varðandi viðkomandi sendingu sem nauðsynleg eru til ákvörðunar opinberra gjalda. Frumrit þessara gagna séu varðveitt hjá félaginu í sjö ár, en upplýsingum varðandi tollafgreiðsluna sé komið til tollstjórans í Reykjavík með rafrænum hætti ("SMT" eða "EDI"- tollafgreiðsla). Þegar eftir því hafi verið óskað hafi afrit gagna verið send tollstjóra. Þessi framkvæmd sé í samræmi við ákvæði tollalaga nr. 55/1987 og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim, m.a. reglugerðar um SMT tollafgreiðslu nr. 858/2000. Þá segir orðrétt í bréfi TVG Zimsen" Forsvarsmaður innflytjanda ofangreindrar sendingar óskaði eftir aðstoð félagsins við tollafgreiðslu sendingarinnar og þegar öll viðeigandi gögn lágu fyrir var svonefnd SMT-færsla gerð 25.09.01 með hefðbundnum hætti, m.a. með tilgreiningu EUR skírteinis nr. 1657628.

Hvort sem ofangreind sending lenti í tilviljunar eftirlitsúrtaki eða af öðrum orsökum, virðist a.m.k. hafa verið tekin um það ákvörðun hjá tollstjóranum í Reykjavík að kalla eftir frumgögnum varðandi tollafgreiðslu sendingarinnar. Hvort sem raunverulega var kallað eftir þessum gögnum eða ekki, þau send eða ekki, þau týnd hjá embættinu eða ekki, þá er ljóst að einhver mistök urðu þess valdandi að opinber gjöld voru endurákvörðuð vegna sendingarinnar og var sú ákvörðun kynnt innflytjanda með bréfi embættisins dags. 24. júní 2002. Einhver vanhöld virðast hafa orðið á svörum við þessu erindi og var það ítrekað 2. september 2002. Afrit viðeigandi EUR skírteinis var sent tollstjóranum í Reykjavík ekki síðar en með faxi undirritaðs 12. september, sbr. meðfylgjandi afrit. Af þeim gögnum sem lágu fyrir við tollafgreiðslu umræddrar sendingar er ljóst að hún fullnægði skilyrðum um fríðindameðferð skv. samningum um EES og á þeirri staðreynd virðist kæra innflytjanda byggð.”

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið, farið yfir þau gögn sem henni hafa borist og aflað viðbótargagna eftir því sem ástæða hefur þótt til. Í máli þessu er deilt um endurákvörðun tollstjóra vegna innflutnings á húsgögnum frá hollenska fyrirtækinu “J E exotische meubelen”. TVG Zimsen annaðist tollskýrslugerð fyrir kæranda og var sendingin afgreidd í EDU meðferð þann 25.9. 2001 og tilgreint EUR skírteini nr. 1657628. Þegar tollstjóri óskaði eftir framvísun á nefndu skírteini virðist sem misskilningur milli innflytjanda og tollskýrslugeranda hafa valdið því að nefnt skírteini komst ekki til tollstjóra sem endurákvörðuði gjöld af sendingunni eins og um utansvæðisvöru væri að ræða.

Við skoðun á þeim skjölum er lágu til hliðsjónar tollafgreiðslu E DET 24 09 1 NL RTM R005 verður ekki annað séð en að varan uppfylli skilyrði EUR tollmeðferðar. Á EUR skírteini 1657628 sem gefið er út 12. september 2001 er tilgreint reikningsnúmer 21747-6571 sem er reikningur yfir vörurnar úr nefndri sendingu og enn fremur er skrifað inn á skírteinið gámanúmer sendingarinnar. Það er skoðun nefndarmanna eftir að hafa skoðað tilvitnuð gögn að EUR skírteinið 1657628 hafi legið fyrir þegar SMT-tollafgreiðsla E DET 24 09 1 NL RTM R005 átti sér stað þann 25. september 2001. Það er hins vegar misskilningur innflytjanda og starfsfólks TVG Zimsen sem varð þess valdandi að skírteininu var ekki framvísað við tollstjóra er hann kallaði eftir því.

Nú þegar liggur fyrir ótvíræð yfirlýsing flutningsmiðlara um að skírteinið hafi legið fyrir er innflutningurinn átti sér stað eru nefndarmenn sammála um að með hliðsjón af málavöxtum sé rétt að fella niður hina kærðu endurákvörðun tollstjóra.